

## FUNDARGERÐ 527. FUNDAR STJÓRNAR SORPU bs.

Stjórnarfundur SORPU bs., kt. 510588-1189, miðvikudaginn 18. mars 2026. Fundurinn er settur klukkan 08:00. Fundurinn er fjarfundur.

**Fundarstjóri:** Dóra Björt Guðjónsdóttir.

**Fundarritari:** Gunnar Dofri Ólafsson.

**Sækja fjarfund:** Dóra Björt Guðjónsdóttir, Gunnar Valur Gíslason, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Sævar Birgisson, og Valdimar Víðisson.

Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri, Gunnar Dofri Ólafsson, sviðsstjóri þjónustu- og samskiptasviðs, og Þórhallur Hákonarson fjármálastjóri sækja fund.

Til fundarins er boðað með lögformlegum hætti í samræmi við starfsreglur stjórnar, og er því ákvörðunar- og ályktunarbær.

### Tekið fyrir

#### 1. Ársreikningur SORPU bs.

Theodór S. Sigurbergsson og Sigrún Guðmundsdóttir, endurskoðendur, taka sæti á fundinum undir þessum lið.

Fjármálastjóri og gestir gera grein fyrir ársreikningi SORPU bs. fyrir árið 2025.

Stjórn samþykkir ársreikninginn.

#### 2. Önnur mál

Framkvæmdastjóri gerir grein fyrir tilkynningu frá flutningsaðilum um hækkun á flutningskostnaði vegna stríðsátaka við Persaflóa. Hækkunin tekur til eins mánaðar og nemur um sex milljónum króna á mánuði. Tilkynningin kallar ekki á breytingar á gjaldskrá SORPU að svo stöddu, en vari ástandið lengi verður það tekið til endurskoðunar.

#### Næsti fundur

Næsti fundur er boðaður miðvikudaginn 15. apríl 2026 klukkan 14:00.

Fleira var ekki gert og fundi slitið 08:27.